



Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2024.

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128-1 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1. apríl 2023 með 8% persónuálagi, 13,04 % orlofi og 25% launatengdum gjöldum, **samtals 4.256 kr.**

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **417.391 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **626.087kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.

8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyrstrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almennatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, 18 ára og yngri og skal draga upphæð barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2024) **46.147 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2024					
	Viðmið kr. 4.256	Tekjur undir: gjaldfrí	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	417.391 kr.	626.087 kr.	730.434 kr.	730.434 kr.
	Hjón/samb, fólk	626.087 kr.	939.130 kr.	1.095.651 kr.	1.095.651 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.419 kr.	2.128 kr.	4.256 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.419 kr.	2.128 kr.	4.256 kr.
	tekjur á ári - einst	5.008.692 kr.	7.513.038 kr.	8.765.211 kr.	8.765.211 kr.
	tekjur á ári hjón	7.513.038 kr.	11.269.557 kr.	13.147.817 kr.	13.147.817 kr.